



Háskólinn
á Akureyri

Fundargerð háskólaráðs

328. fundur daginn 20. mars 2013
stofu 262, Borgum

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 09.15.

Mættir voru auk hans:

Hermina Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Hallur Gunnarsson varafulltrúi menntamálaráðherra
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs
Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs, í síma

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Gestir:

Stefán Jóhannsson forstöðumaður nemendaskrár
Prófessor Frank Rennie, Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri
Natalia Loukacheva Nansenprófessor
Bragi Guðmundsson formaður dómnefndar

Rektor kynnti dagskrá.

1. Fundargerð, mál til kynningar

Fundargerð var samþykkt.

Rektor kynnti nýja heimasíðu háskólans. Hún er sett upp með mismunandi markhópa í huga og gerður er greinarmunur á upplýsingum fyrir nemendur háskólans annarsvegar og utanaðkomandi aðila hinsvegar. Rektor fór yfir stöðu aðgerðaáætlunar sem er uppfærð mánaðarlega.

Rektor sagði frá að líklega verður skipuð ad hoc dómnefnd til að fjalla um umsóknir um stöðu kennara í sálfræði við hug- og félagsvíndasvið. Unnið er að skipun nýrrar dómnefndar til tveggja ára í samræmi við reglur háskólans.

2. Rekstraryfirlit janúar-febrúar

1303027

Ólafur dreifði yfirliti og útskýrði það fyrir fundarmönnum. Um er að ræða brúttótölur, þ.e. útgjaldarammann. Með verklagi háskólans er hægt að fylgjast með rekstrinum dag frá degi og grípa til aðgerða ef þörf er á. Varðandi rekstur viðskipta- og raunvíndasviðs þá hafa náðst þau markmið sem stefnt er að. Ekkert bendir til annars en að hægt verði að reka háskólann í samræmi við áætlun á árinu.

Rektor þakkaði Ólafi fyrir og fór hann af fundinum.

3. Náms- og kennsluskrá

"[málsnúmer]"

Stefán Jóhannsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Nú er orðið hægt að skoða kennsluskrá næsta skólaárs í Uglunni, þ.e. hvaða námskeið eru á hvoru misseri fyrir sig. Námskeiðslýsingar eru orðnar aðgengilegar fyrir kennara til að fara yfir og finnpússa.

Vinnulag við gerð náms- og kennsluskrár er öðru vísni en tíðkast hefur, það er samskonar og í HÍ, sem er vegna upptöku Uglunnar. Opnað hefur verið fyrir umsóknir um nám haustið 2013 og í þessari viku verður opnað fyrir innritun 2014-2015.

4. Kennslualmanak

1303029

Stefán útskýrði almanakið. Það er unnið af honum, skrifstofustjórum fræðasviða og verkefnastjóra prófa og fjarkennslu. Nýmæli eru að nýnemadagar og upphaf kennslu falla saman (ekki lengur frídagur á milli), og að kennsluhlé vegna nemendamóts og alþjóðadags er samræmt við stundatöflu. Dagana 15-25 mars er hægt að skrá sig í námskeið haust og vormisseris (til samræmis við HÍ).

Háskólaráð staðfesti almanakið og heimilaði að símatsdögum á hug- og félagsvísindasviði verði bætt við það þegar þeir liggja fyrir.

Rektor þakkaði Stefáni fyrir og fór hann af fundinum.

5. Nansenprófessorsstaðan kynning, Natalia Loukacheva

Natalia kom á fundinn og bauð rektor hana velkomna. Natalia greindi frá helstu verkefnum sínum sem Nansenprófessor 2013. Meginverkefnið er að vinna að norðurslóðamálum í víðum skilningi. Nefndi hún nokkur helstu verkefni:

- a. Að styrkja tengsl Íslands og Noregs á sviði norðurslóðamála, t.d. tengsl HA og háskólans í Tromsö
- b. Að kynna Háskólann á Akureyri í alþjóðlegu samhengi
- c. Að koma að Polar Law námslínunni eins og hægt er. Polar Law Textbook II er alþjóðlegt rit sem er búið til í HA.

Hún mun sækja margar ráðstefnur og halda fyrirlestra víða og auk þess koma að útgáfu bóka um norðurslóðamál á alþjóðlegum vettvangi. Sjötta Polar Law Symposium verður haldið í HA og mun Natalia skipuleggja það ásamt fleirum.

Þá mun Natalia taka þátt í fjölpjóðlegum leiðangri í fótspor Nansen í ágúst.

Natalia svaraði fyrirspurnum fundarmanna. Rektor mun eiga reglulega fundi með henni og upplýsa háskólaráð um gang mála.

Frank Rennie og Sigrún Magnúsdóttir komu á fundinn.

Frank sagði að stærð HA leyfði góða yfirsýn yfir námsframboð og breytingar í átt að auknu framboði á sveigjanlegu námi. Taldi hann að í HA væri áhugi og góður grundvöllur fyrir slíkt. Mælti hann með að frumkvöðlar í fjarkennslu meðal kennara yrðu verðlaunaðir á einhvern hátt sem hvatningu fyrir aðra. Lagði hann áherslu á að kennrarar fengju mikla tækniaðstoð. Kennrarar þurfa að kunna á tæknina en ekki að vera sérfræðingar á því sviði.

Varðandi félagslegan þátt náms í háskóla sagði Frank að nemendur í sveigjanlegu námi hefðu samskipti sín á milli gegnum ýmsa miðla.

Fram kom að Frank mun fara yfir niðurstöður þriggja daga heimsóknar sinnar með gæðaráði og leggja til hver gætu verið næstu skref.

Rektor þakkaði Nataliu, Frank og Sigrúnu fyrir og fóru þau af fundinum.

6. Dómnefndarálit, Alexander Smárason

1211041

Bragi kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn.

Útskýrði Bragi að um er að ræða framgang við Heilbrigðisvíssindastofnun HA – HHA, sem er samstarfsverkefni HA og Sjúkrahússins á Akureyri. Sótt er um framgang úr starfi dósents í stöðu prófessors við HHA. Dómnefndin fór þá leið að þessu sinni að setja fram álit ráðgefandi sérfræðings í heild. Er það gert vegna þess að áltið er tæmandi og engu við það að bæta. Bragi fór yfir dómnefndarálið.

Niðurstaða dórnefndar er að Alexander er hæfur til þess að gegna stöðu prófessors við Heilbrigðisvíssindastofnun HA.

Rektor þakkaði Braga fyrir og fór hann af fundinum.

Háskólaráð staðfesti dórnefndaráliðið.

7. Tillaga að skipun dórnefndar HA.

1303013

Var rætt undir mál til kynningar.

8. Fjöldatakmarkanir á heilbrigðisvíndasviði

1303026

Óskað er eftir að háskólaráð samþykki að takmarka fjölda þeirra sem hefja nám á vormisseri 1. árs í hjúkrunarfræði við 50 nemendur vorið 2014.

Rektor kynnti erindið og greinargerð með því.

Háskólaráð samþykkti þetta.

9. Breytingar á reglum um akademísk gestastörf við HA

"[málsnúmer]"

Rektor lagði fram tillögu að breytingu á reglunum. Hún felur í sér að gestakennurum verður heimilt að nota hvort heldur sem er starfsheiti sem taka mið af breska eða bandarísku

kerfinu. Háskólaráð samþykkti það.

Þetta er bundið við reglur um gestakennara. Rektor mun láta meta hvort ástæða er til að taka ákvörðun um frekari breytingar í þessa átt hvað varðar aðrar reglur háskólans.

10. Önnur mál

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.45.